

**Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 2. desember 2005.

Efni: Þingsáttill. um gjaldfrjálsan leikskóla (26. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan felur það í sér að skipuð verði nefnd sem vinna að því að leikskóli verði „gjaldfrjáls“.

Fyrst ber að nefna að leikskólar eru á höndum sveitarfélaga og er þeim frjálst að ákveða sjálfir hvort og þá hve mikið gjald þeir taka fyrir leikskólavist. Auk þess er vandséð hvernig leikskóli getur orðið fullkomlega gjaldfrjáls, enda hlýtur einhver að þurfa að bera þann kostnað sem hlýst af rekstri þeirra. Það sem þessar tillögur ganga í raun út á er að greiðslubyrðinni sé velt af þeim sem nota þjónustuna yfir á þá sem nota hana ekki, þ.e.a.s. útsvarsgreiðendur. Er verulega óréttlátt að almenningur þurfi að greiða hærri skatta en ella til að greiða fyrir þjónustu tiltekins hóps. Eru þessar hugmyndir ekki heldur til þess fallnar að bæta fátagsstöðu sveitarfélaga.

Viðskiptaráð leggst því gegn því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson